



Lokaskýrsla Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
í gegnum verkefnið

Barnvæn sveitarfélög



ÚTGÁFUDAGUR
27.02.2025

ÁBYRGÐARAÐILI EMIL ÖRN MORÁVEK



unicef 
fyrir öll börn

SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Stöðumat.....	4
Aðgerðaáætlun.....	5
Framkvæmd aðgerða	6
Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla í Sveitarfélaginu Hornafirði...	20
Barnaskýrsla	24

Inngangur

Þann 19. júní 2020 undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, þáverandi félags- og barnamálaráðherra, Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, og Matthildur Ásmundardóttir, þáverandi bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Hornafirði, samstarfssamning á milli félagsmálaráðuneytisins, UNICEF á Íslandi og Sveitarfélagsins Hornafjarðar um verkefnið Barnvænt sveitarfélag. Sveitarstjórn og lykilstarfsmenn höfðu fengið kynningu á verkefninu frá UNICEF og með undirritun lauk fyrsta skrefi af átta í innleiðingarferlinu.

Í framhaldinu var stofnaður stýrihópur til að halda utan um innleiðingu verkefnisins.

Starfið fór hægt af stað en með tilkomu starfsmanns í 30% hlutastarfi við verkstjórn á innleiðingu í byrjun árs 2021 fór verkefnið að hreyfast. Frá upphafi var verkefnið samstarf á milli velferðarsviðs og fræðslu- og frístundarsviðs, þar sem starfshlutfall verkefnisstjóra lá innan velferðarsviðs. Þrátt fyrir það voru stærstu verkefnin eins og barnaþing, framkvæmd innan fræðslusviðs en á móti sáu starfsmenn velferðarsviðs um rýnihópavinnuna. Síðla árs 2023 tók verkefnastjóri á fræðslusviði Emil Örn Morávek svo alfarið við verkstjórn og heldur enn utan um verkefnið.

Verkefnið mætti mikilli velvild frá upphafi. Þrátt fyrir það komu upp aðstæður sem töfðu framgang þess meira en flestir hefðu viljað. Má þar nefna heimsfaraldur, sveitarstjórnarkosningar, miklar breytingar á stýrihópi auk þess sem þrír verkefnastjórar hafa leitt verkefnið.

Innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins hefur verkefnið gengið ágætlega. Stofnanir eins og íþróttahús, sundlaug og skólar hafa gert Barnasáttmálann sýnilegan í starfsemi sinni og vinna með hann á ýmsan hátt. Í áhaldahúsi hefur verið unnið markvisst að því að halda réttindum barna á lofti og til gamans má geta að starfsmenn hafnarinnar bjóða börnum upp á björgunarvesti þegar þau koma á hafnarsvæðið til að dorga eða leika sér. Grunnskóli Hornafjarðar er til fyrirmyndar hvað varðar kennslu um Barnasáttmálann og notar hann sem leiðarljós við mótun verkefna innan skólans.

Verkefnastjóri telur þó að verkefnið mætti ná betur til atvinnulífsins í sveitarfélaginu. Vonast er til að verkefni eins og Heimahöfn sem er í anda Barnavæns sveitarfélags og Barnasáttmálans, muni stuðla að auknu samstarfi við atvinnulífið. Markmið Heimahafnar er að kynna tækifæri innan sveitarfélagsins fyrir ungu fólki og fá hugmyndir þeirra til að þróa samfélagið enn frekar auk þess að halda tengingu við ungt fólk sem flytur þaðan til að mennta sig og skoða heiminn.

Ungmennaráð hefur starfað í sveitarfélaginu um árabil og er nú orðinn fastur liður í starfsemi þess. Fulltrúar ungmennaráðs eiga sæti í fastanefndum sveitarfélagsins og fá greitt fyrir fundarsetu. Aðkoma ungmennaráðs hefur reynst mikilvæg við innleiðingu Barnavæns sveitarfélags. Með því að hafa ungmennaráðið sem millilið hefur stjórnarsýslan ávallt aðgang að sjónarmiðum ungs fólks og ungt fólk hefur beina leið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnarsýsluna.

Ungmennaráð hefur lagt fram ýmis mál til umfjöllunar svo sem hugmyndir um ungmennahús, breytingar á opnunartíma sundlaugar, aðgengi að leikvöllum, bættu lýsingu á gönguleiðum og fleira. Þá hefur ráðið beitt sér fyrir því að hafa áhrif á hönnun nýs íþróttahúss.

Stöðumat

Stöðumatið sem framkvæmt var í sveitarfélaginu fól í sér að fylltir voru út staðlaðir gátlistar frá UNICEF. Gagna var aflað með spurningakönnunum sem lagðar voru fyrir stýrihópinn, börn, starfsfólk og kjörna fulltrúa í sveitarfélaginu vorið 2021. Haustið 2021 var haldið barnaþing og í framhaldinu átti sér stað samtal við sérfræðihópa í janúar og febrúar 2022. Sérfræðihóparnir voru þrír; börn af erlendum uppruna, börn með fatlanir og börn úr dreifbýli.

Niðurstöður stöðumatsins voru fremur jákvæðar og vakti það sérstaka athygli hversu jákvæðar niðurstöður barnaþingsins, sem haldið var 3. og 4. nóvember 2021, voru. Þar má sjá að börnum í sveitarfélaginu líður almennt vel í skólanum og eru ánægð með ýmsar námsgreinar líkt og íþróttir, listgreinar og sund. Þau höfðu einnig áhuga á að taka upp fleiri námsgreinar og þá einkum fleiri skapandi greinar. Á barnaþinginu komu þó fram ábendingar sem brýnt er að taka tillit til s.s. um að mikilvægt sé að fá góðan vinnufrið í skóla og að börnin vilja fá hagnýtar námsgreinar sem nýtast þeim í framtíðinni líkt fleiri verklegar greinar, fjármálalæsi og jafnréttisfræðslu. Börnin vilja að félagslífið fái meira vægi bæði í skipulögðum tómstundum með aukinni afþreyingu en einnig með því að minnka heimanámið svo að þau fái meiri frítíma. Þá lögðu börnin áherslu á að auka aðgengi barna og ungmenna að sérhæfðri aðstoð þegar kemur að geðrænum áskorunum og vanlíðan.

Í sérfræðihópunum kom fram mikilvægi þess að börn af erlendum uppruna fái að efla sig í móðurmálinu sínu og að skólinn ætti að byrja seinna á morgnana því börn úr sveitum þurfa að fara mjög snemma á fætur til að fara í skólabílinn.

Í spurningakönnunum sem lagðar voru fyrir í stöðumatinu kom bersýnilega fram að börn skorti almenna þekkingu á réttindum sínum. Af 157 börnum sem tóku þátt höfðu einungis 59% heyrt talað um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, og aðeins 26% þátttakenda gátu nefnt eitthvað úr sáttmálanum. Þó voru flest börn með 12. grein sáttmálans á hreinu en það vakti athygli að færri virtust gera sér grein fyrir því að sáttmálinn ætti við um þau sjálf.

Spurningakönnun meðal starfsfólks og kjörinna fulltrúa leiddi í ljós heldur betri útkomu. Af þeim 127 sem svöruðu höfðu 98% heyrt talað um Barnasáttmálann og 65% gátu nefnt fjögur réttindi barna. Af svarendum tengdu 78% sáttmálann við starf sitt. Það skal þó haft í huga að stærsti hluti svarenda vinnur beint með börnum sem sýnir að þörf er á að bæta réttindafræðslu fyrir þá sem vinna óbeint með börnum eða starfa í öðrum geirum.

Réttindafræðslu var augljóslega ábótavant og er því eðlilegt að hún sé mikilvægur þáttur í aðgerðaráætlun sveitarfélagsins. Það er nauðsynlegt að tryggja að bæði börn og fullorðnir í samfélaginu fái fræðslu um réttindi barna, svo þau verði betur meðvituð um tilgang Barnasáttmálans og hvernig hann nýtist þeim í daglegu lífi.

Aðgerðaráætlunin í heild byggir á stöðumatinu og þó vissulega hefði verið hægt að velja fleiri aðgerðir þá voru þetta þær aðgerðir sem stýrihópurinn og ungmennaráð lögðu áherslu á.

Aðgerðaáætlun

Sveitarfélagið Hornafjörður skilaði aðgerðaráætlun inn til UNICEF í desember 2023. Hér fyrir neðan eru þær 10 aðgerðir sem stýrihópur í innleiðingu Barnvæns sveitarfélags lagði til í fyrsta fasa innleiðingar.

Aðgerðir

1. Barnaþing og rýnihópar
2. Samráð við ungmennaráð
3. Markviss fræðsla fyrir starfsfólk
4. Allar stofnanir sveitarfélagsins tilnefna réttindafulltrúa
5. Réttindafræðsla fyrir börn
6. Réttindafræðsla fyrir foreldra
7. Umhverfi, öryggi og samgöngur
8. Bæta göngu- og hjólaleiðir
9. Menntun og skóli
10. Seinkun skólabyrjunar



Framkvæmd aðgerða

Á næstu síðum er fjallað ítarlega um hverja aðgerð og farið yfir það sem fólst í aðgerðinni eins og hún var sett fram í aðgerðaráætlun. Síðan er farið yfir framkvæmdina og í lokin komið með tillögur að umbótum við hverja aðgerð fyrir sig. Því jafnvel þó aðgerð hafi heppnast vel þá er hægt að gera betur auk þess sem mikilvægt er að horfa til þess hvernig á að viðhalda árangri. Þessar spurningar liggja til grundvallar:

- Hvað fólst í aðgerðinni eins og hún var sett fram í aðgerðaráætluninni?
- Hvaða tímaramma var henni gefinn?
- Tókst að framkvæma alla þætti aðgerðarinnar á tilsettum tíma?
- Var markmiðinu náð?
- Hvernig var þátttöku barna háttað í undirbúningi og framkvæmd aðgerða?
- Sér sveitarfélagið áhrif aðgerðarinnar á þessum tímapunkti?
- Hvaða umbætur eru í farvatninu?




Aðgerð 1. Barnaþing og rýnihópar

Annað hvert ár skal halda barnaþing í Sveitarfélaginu Hornafirði. Markmið þess er að skapa ungu fólki vettvang til að ræða um mál sem eru því mikilvæg.

Barnaþingi er skipt í þrjá hluta eftir aldri þátttakenda en allir hópar munu funda á sama tíma. Hóparnir eru börn á aldrinum 6 – 12 ára, ungmenni 13 – 18 ára og ungmenni 19 – 24 ára. Spurningar og skipulag þings er aðlagð að aldri þátttakenda. Þingið er á skólatíma og miðað við að bjóða öllum á aldrinum 6-24 ára að taka þátt. Starfsmenn þingsins eru kennarar, ungmenningaráð og nemendaráð grunn- og framhaldsskólans.

Umræðuefni er ákvarðað í samráði við ungmenningaráð og reynt að hafa stór mál inni í umræðunni. Niðurstöðurnar verða mestmegnis teknar saman á þinginu sjálfu og kynntar sem fyrst. Ungmenningaráð mun að mestu leyti sjá um kynningar sem fram fara í öllum nefndum sveitarfélagsins og á opinberum vettvangi og þannig verða niðurstöðurnar nýttar í almennri stefnumörkun og starfsemi sveitarfélagsins.

Í kjölfar barnaþings verða rýnihópar með hópum sem talist geta til minnihlutahópa og gætu átt erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri í stærri hópum. Má þar nefna börn af erlendum uppruna, fötluð börn og börn úr dreifbýli.



Tenging við stöðumatíð: Í stöðumatinu kom fram að barnaþing er mikilvæg leið fyrir börn að koma sínum sjónarmiðum á framfæri en einnig að rýnihópar eru nauðsynlegir fyrir minnihlutahópa.

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri á fræðslu og frístundarsviði sem er starfsmaður ungmennaráðs. Hann nýtur aðstoðar fræðslustjóra, skólastjórnenda og starfsfólks grunnskólans.

Tímarammi: Haldið á haustmánuðum annað hvert ár.

Mælikvarði: Sýnt verður fram á að þingin hafi verið haldin og að niðurstöðurnar séu notaðar í vinnu ungmennaráðs. Niðurstöðurnar verða einnig kynntar bæjarfulltrúum og starfsfólki og þess gætt að niðurstöðurnar verði sýnilegar.

Fjárbörf: Gera þarf ráð fyrir veitingum á barnaþingi og tíma verkefnastjóra og ungmennaráðs til að undirbúa þingið og vinna úr niðurstöðum þess.

Framkvæmd aðgerðar: Fyrsta barnaþingið var haldið haustið 2021. Þátttaka var mjög góð enda allir nemendur grunn- og framhaldsskóla á þinginu. Það verður þó að segjast að þátttaka ungmenna á vinnumarkaði var lítil sem engin og betur þarf að huga að því hvernig hægt er að ná til þess hóps. Niðurstöðum þingsins var skilað til þátttakenda, bæjarráðs og fastanefnda auk skólans. Ungmennaráð tók sig saman og hélt svo kynningar á helstu niðurstöðum ungmenningsins í stofnunum og skólum. Niðurstöðurnar voru svo notaðar í aðgerðar-áætlunina.

Niðurstöður barnaþingsins voru áhugaverðar en hér á eftir kemur úrdráttur úr þeim:

Skólamál: Börn vildu meira verklegt nám, fjármálalæsi, kynjajafnrétti og fjölbreyttari valfög. Kvörtun var um of mikið heimanám og ónægan vinnufrið í tímum.

Félagslíf: Mikilvægi íþrótta og fjölbreyttara íþróttaframboð. Félagsmiðstöðin þrykkjan var gagnrýnd fyrir takmarkað viðburðaframboð.

Velferð: Þörf á betri aðgengi að sálfræðiþjónustu, ókeypis þjónustu og stuðningi fyrir börn sem líður illa. Hvað varðar fræðslu í skólanum voru flestir mjög sáttir, en sú fræðsla sem þau vildu sjá var um hinsegin málefni, fyrirlestur um mikilvægi svefns, fræðsla um einhverfu og fræðsla um kvíða og þunglyndi.

Umhverfi: Börn vildu fleiri leikvelli, betri lýsingu á götum og bætta sorphirðu. Það var gaman að sjá að margt af þessu breyttist mjög hratt og var meðal annars rætt í kynningum ungmennaráðsins að félagsmiðstöðin þrykkjan hefði strax brugðist við og væri að vinna að fleiri viðburðum.

Næsta barnaþing hefði átt að vera haustið 2023. En þar sem tafir urðu á innleiðingarferlinu á Barnvænu sveitarfélagi og skipti á verkefastjórum, hélt ungmennaráð Hornafjarðar ungmennaðing fyrir nemendur á unglingastigi og í framhaldsskóla haustið 2023. Niðurstöður þess voru einnig kynntar í öllum fastanefndum.

Helstu niðurstöðurnar þar voru þessar.

Skólamál: Áhersla á að kynna framhaldsskóla fyrr, bæta innviði og fjölga verklegum námsgreinum í FAS. Kröfur um betri mat í grunnskólanum.

Félagslíf: Þrykkjan enn vinsæl en óskað eftir ungmennahúsi fyrir eldri ungmennti. Aukin þörf fyrir skipulögð ungmennakvöld.

Velferð: Aukin áhersla á að bæta sálfræðiþjónustu og fjölga læknum. Hugmynd um heilsukjarna.

Umhverfi: Betri lýsing á göngustígum, bæting á gönguleiðum og nýr bíósalur.

Þessi þing hafa alltaf bætt samfélagið og má nefna eftirfarandi dæmi þar sem brugðist hefur verið við til að rökstyðja það.

Fræðsla: Sveitarfélagið Hornafjörður brást við óskum ungmenna og stóð fyrir fræðslu með áherslum á svefn, fjölbreytileika, kynfræðslu og hinseginleikann.

Umhverfismál: Aukin vitundarvakning hefur svo sannarlega átt sér stað hvað varðar ruslahirðu og umhverfisvernd.

Sveitarfélagið hefur þó verið að vekja athygli á rafrænum gjaldfrjálsum lausnum eins og Berginu Headspace. Auk þess er skólaskrifstofa með skólasálfræðing fyrir leik- og grunnskóla sem einnig hefur þjónustað nemendur í FAS - þar er um tiltölulega snögga þjónustu að ræða. Kallað var eftir fjölbreyttari íþróttaaðstöðu og betri æfingaaðstöðu. Sveitarfélagið vinnur ötullega að uppbyggingu á nýjum íþróttamannvirkjum sem munu vonandi koma til móts við þennan punkt. Ekki er kominn bíosalur en félagsmiðstöðin Þrykkjan er með eina opnun á viku fyrir 16 ára og eldri.

Haustið 2024 var svo þing á vegum verkefnisins Heimahöfn, en það verkefni vinnur með það að leiðarljósi að fá unga fólkið aftur til Hafnar eftir menntun og var þingið fyrir krakka á aldrinum 2006 – 2010. Ungmennaráð Hornafjarðar hélt fræðsludag, með það að markmiði að samræma nemendafélögin, ráðin í félagsmiðstöðinni og ungmennaráð og valdefla þau og voru allskonar málefni sem komu fram á þeim degi, meðal annars hvort félagsmiðstöðin eigi að leggja áherslu á samstarf með austurlandi eða suðurlandi, aðhald að pólitíkinni með viðhaldi á opinsvæði og leiksvæði, nýr búnaður í félagsmiðstöð og grunnskóla og kynningar á störfum bæjarráðs.

Aðgerðir 7, 8, 9 og 10 í aðgerðaráætlun má rekja beint til barnþings og sérfræðihópa.

Hugmyndir að umbótum: Haustið 2025 verður næsta barnþing. Það þarf að vinna hraðar úr niðurstöðum og koma þeim fljótar til allra aðila, bæði þeirra sem taka þátt í þinginu og annarra. Komið hafa fram hugmyndir um það hvernig hægt er að gera það og mun skipulag þings taka mið af því. Skoða þarf hvernig ná má betur til ungs fólks á vinnumarkaði. Gera verður ráð fyrir að þing síðdegis eða að kvöldi henti betur. Ein hugmyndin gæti verið að eftir að bjóða ungu fólki sem komið er út á vinnumarkaðinn á fund þegar búið verður að vinna niðurstöður úr barnþinginu og rýnihópum. Kynna þær niðurstöður fyrir unga fólkinu og óska eftir athugasemdum og hugmyndum.

Aðgerð 2. Samráð við ungmennaráð

Ungmennaráð skipar áheyrnarfulltrúa í allar fastanefndir sveitarfélagsins. Markmiðið er að auka samstarf á milli nefnda og ungmennaráðs og efla raddir ungs fólks innan stjórnsýslunnar.

Starfsmaður ungmennaráðs setur upp einstaklingsfundi í upphafi starfsárs með áheyrnarfulltrúum og starfsmönnum nefnda til að koma af stað persónulegum og góðum samskiptum því lögð er áhersla á að starfsmenn nefnda eigi í góðu sambandi við áheyrnarfulltrúa og valdefli þá innan nefndanna. Stöðugt er unnið er að því bæta þessa vinnu og auka vægi



ungmennaráðs í þeim málum sem ungmennaráð vill hafa áhrif á. Nú þegar hefur ungmennaráð áheyrnarfulltrúa í öllum fastanefndum. Auk þess fundar ungmennaráð mánaðarlega þar sem m.a. er fjallað um þau málefni sem tekin eru fyrir á fundum fastanefnda.

Tenging við stöðumat: Í niðurstöðum úr gátlistum stýrihóps kemur fram að hvergi er vísað í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stefnumótandi skjölum en í Barnasáttmálanum er tekið fram að hlustað skuli á raddir barna þegar ákvarðanir eru teknar um mál sem snúa að þeim.

Ábyrgðaraðili: Starfsmaður ungmennaráðs, sviðstjórar, nefndarformenn og starfsmenn nefnda.

Tímarammi: Fyrirkomulagið skal mótað fram til 2025 en mikilvægt er að því sé viðhaldið og það þróað áfram eftir þörfum.

Framkvæmd aðgerðar: Það er mat þeirra sem unnið hafa með þessa aðgerð að hún hafi gengið vel. Ungmennaráð er starfandi í sveitarfélaginu og hefur verið starfandi í sveitarfélaginu í lengri tíma. Fulltrúar í ungmennaráði fá greitt fyrir fundarsetu. Áheyrnarfulltrúar í fastanefndum er fyrirkomulag sem fest hefur verið í sessi síðustu ár. Markmiðið með því var að auka rödd ungmenna í stjórnsýslunni og með því tengja þau vel við sviðstjóra eða nefndarformenn væri tryggt að þau hefðu aðkomu að málum á nefndarfundum. Við framkvæmd aðgerðarinnar kom í ljós að í mörgum tilfellum var tilefnislaust að eltast við einstaklingsfundi milli fulltrúa ungmennaráðs og viðkomandi sviðstjóra eða nefndarformanna. Oft var skynsamlegra að gæta þess að búið væri að ræða við umrædda aðila og ganga úr skugga um að fulltrúi ungmennaráðsins vissi hvert og hvern hann væri að hitta. Það eitt og sér er góð valdefling, en auðvitað er þetta líka metið út frá einstaklingum. Í sveitarfélaginu okkar þekkist fólk oft eða tengist fjölskylduböndum. Verkefnastjóri ungmennaráðs leggur þó upp með að ungmennin hafi gott aðgengi að starfsfólki þeirrar nefndar sem það situr í og geti haft áhrif á fundardagskrá ef ungmennið hefur ekki tök á að sitja allan fundinn. Það er þá hægt að setja málín sem fulltrúi ungmennaráðs hefur meira um að segja á hentugri tímapunkt á fundinum.

Hugmyndir að umbótum: Ungmennaráð hefur talað um að það sé oft leitað eftir hugmyndum þeirra en þau sjá þess ekki oft merki að raunverulega sé hlustað á þau eða tekið tillit til skoðana þeirra og þá einkum í skipulagsmálum. Rætt hefur verið um að gera hugmyndir sem koma frá ungmönnum sýnilegri. Það mætti t.d. gera með því að setja upp lista undir Barnvænu sveitarfélagi á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem aðgerðir sem ráðist hefur verið í, og eiga rætur að rekja til ungmenna og ungmennaráðs, eru taldar upp.

Aðgerð 3. Markviss fræðsla fyrir starfsfólk

Markmiðið er að starfsfólk á öllum sviðum sveitarfélagsins þekki réttindi barna og tilgang verkefnisins Barnvæns sveitarfélags.

Sviðstjórar og verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags stýri fræðslu fyrir starfsfólk um verkefnið. 20. nóvember er afmælisdagur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og skal tileinkaður fræðslu um mannréttindi barna. Mælt er til að allir forstöðumenn taki part af deginum eða næsta virka dag í fræðslu fyrir starfsfólk. Þá skal nýtt starfsfólk upplýst um verkefnið Barnvænt sveitarfélag og hvernig er unnið samkvæmt Barnasáttmálanum. Þetta þýðir að hver stofnun verður að hafa mótað sér stefnu um það hvernig á að virða stefnu Barnasáttmálans. Réttindafulltrúi (sem nánar verður fjallað um í 4. aðgerð) mun halda utan um þá stefnumótun í samstarfi við stjórnendur og skila til verkefnastjóra.

Tenging við stöðumatið: Fram kom í stöðumatinu að hluti starfsfólks sveitarfélagsins þekkir ekki vel til Barnasáttmálans eða réttinda barna. Eins er hluti starfsfólks sem telur raddir barna vera óviðkomandi þeirra starfssviði. Þá voru 15% starfsfólks ekki viss um hvort að tryggja þyrfti réttindi barna enn frekar.

Ábyrgðaraðili: Forstöðumenn og réttindafulltrúar. Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags, sem einnig er starfsmaður Ungmennaráðs Hornafjarðar, aðstoðar við að finna fræðslu og hvetja til stefnumótunar innan stofnana.

Tímarammi: Framkvæmt á hverju ári.

Mælikvarði: Hlutfall starfsfólks sem hefur lokið fræðslu um Barnvænt sveitarfélag á vegum UNICEF.

Fjárbörf: Gera þarf ráð fyrir að einhver kostnaður geti fylgt fræðslu t.d. vegna fyrirlestra og ferða í kringum það.

Framkvæmd aðgerðar: Upphaflega var farin sú leið að senda fræðslu UNICEF til allra stofnana sveitarfélagsins og var forstöðumönnum fengið það hlutverk að koma fræðslunni til starfsfólks. Starfsfólk var hvatt til að nýta sér námskeiðin á síðu UNICEF og átti starfsfólk að skila inn afriti af viðurkenningu sem það fær þegar það hefur lokið fræðslunni. Þetta gekk ekki vel og var það upplifun ábyrgðaraðila að skráningin inn á námskeiðið hafði fælt fólk frá. Því fannst þetta óttalegt bras.

Þegar aðgerðaráætlunin varð til var farið að vinna með réttindafulltrúum að þessari fræðslu. Segja má að það hafi sennilega þurft að fylgja réttindafulltrúunum betur eftir sbr. aðgerð 4. Eftir að Ungmennaráð hafði komið með þá góðu hugmynd um að gera myndbönd sem notuð yrðu til að kynna verkefnið og Barnasáttmálann fór verkefnastjóri sjálfur ásamt sviðsstjóra fræðslu- og frístundasviðs á stúfana að kynna verkefnið og halda fræðslu fyrir allar stofnanir sveitarfélagsins. Farið var með myndbandið inn á fundi hjá forstöðumönnum, starfsmannafund í ráðhúsinu, Grunnskóla Hornafjarðar, velferðarsviðinu, skipulagsviðinu, íþróttamiðstöðinni, leikskólanum Sjónarhóli og leik- og grunnskólanum Hofgarði. Í tengslum við myndbandið var rætt um hvernig innleiðing gengi og hvernig við gætum gert betur.

Þess má einnig geta að í ágúst 2023 og aftur 2024 var haldinn sérstakur fræðsludagur fyrir allt starfsfólk á fræðslu- og frístundasviði en það eru um 2/3 hlutar starfsfólks sveitarfélagsins og starfar allt með börnum. Á þessum dögum var lögð áhersla á fræðslu sem ýtir undir jöfnuð og að horfa á börn út frá þeirra forsendum. Þannig var t.d. fjallað um börn af erlendum uppruna, fjölmenningu og áfallamiðaða nálgun. Hugmyndin um þessa námskeiðsdaga spratt m.a. í tengslum við Barnvænt sveitarfélag og áhersluna á að öll börn fái notið sín á þeirra eigin forsendum.

Hugmyndir að umbótum: Halda áfram með réttindafræðslu og skoða almenna fræðslu frá t.d. Unicef eða öðrum aðilum. Þá er mikilvægt að hvetja forstöðumenn, réttindafulltrúa og starfsmenn almennt að horfa á allt starfið með gleraugum Barnasáttmálans og benda oftast á þegar starfað er í anda hans. Oftast starfar fólk í anda Barnasáttmálans en stundum gleymum við því og finnst að Barnasáttmállinn sé eitthvað „aukaverkefni“. Með þessu móti gætum við tengt



betur við Barnasáttmálann og frætt um hann í leiðinni. Stundum tekur starfið þó ekki mið af Barnasáttmálanum en ef það er orðið eðlilegt að Barnasáttmállinn sé hluti af orðræðunni þá ætti að vera auðveldara að benda á þegar slíkt gerist og hvernig hægt væri að bæta úr.

Aðgerð 4. Allar stofnanir sveitarfélagsins tilnefni réttindafulltrúa.

Hver stofnun sveitarfélagsins tilnefni einn réttindafulltrúa sem beri megin ábyrgð á því að horft sé með gleraugum barna á allt starf stofnunarinnar. Þannig heldur réttindafulltrúinn Barnasáttmálanum á lofti innan vinnustaðarins.

Réttindafulltrúar fundi árlega með verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags þar sem farið er yfir stöðuna og farið yfir hugmyndir um hvað hægt er að gera. Réttindafulltrúar verða tengiliðir verkefnastjóra inn í stofnanir sveitarfélagsins.

Tenging við stöðumat: Fram kom í stöðumati að þekkingu starfsfólks á Barnasáttmálanum er ábótavant en einnig að starfsfólk veit ekki alltaf hvernig það getur tryggt réttindi barna.

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags og forstöðumenn.

Tímarammi: Fyrstu réttindafulltrúar séu tilnefndir fyrir áramót 2023-2024. Nöfn og skipan skulu yfirfarin á hverju ári í aðdraganda 20. nóvember.

Mælikvarði: Árlegur fundur réttindafulltrúa með verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags

Fjárbörf: Vinnuframlag starfsmanna

Framkvæmd aðgerðar: Allar stofnanir sveitarfélagsins hafa tilnefnt réttindafulltrúa og hafa nú þegar verið haldnir tveir fundir með réttindafulltrúum. Því má segja að aðgerðin hafa heppnast fullkomlega. Það hefur þó gengið illa að fá tvo fulltrúa til að mæta á fundina og er það aðallega vegna anna. Réttindafulltrúarnir lögðu áherslu á að hafa ungmennaráð með í ráðum þegar kæmi að réttindafræðslu á vinnustöðum og var það m.a. kveikjan að myndbandinu sem ungmennaráð lét gera. Lögð var áhersla á virkja réttindafulltrúana sem mest en það er líka ljóst að það er mikilvægt að stjórnendur styðji vel við bakið á þeim og hvetji. Verkefnastjóri innleiðingar telur að komið hafi í ljós á þessu tæpa ári sem réttindafulltrúar hafi starfað, að þeir skipta máli og þeir séu lykilaðilar í að halda Barnasáttmálanum á lofti innan hversrar stofnunar. Þó hefði þurft að valdefla réttindafulltrúana meira og fræða betur um Barnasáttmálann og Barnvænt sveitarfélag. Fólk skilur verkefnið á misjafna vegu og sumir eiga erfitt með að skilja það. Þess vegna var m.a. ákveðið að fylgja myndbandinu vel eftir út í stofnunum og í stað þess að láta réttindafulltrúa sýna það þá fylgdi bæði verkefnastjóri og sviðstjóri því eftir. Einnig sýndi sviðstjóri myndbandið á forstöðumannafundi og árétti mikilvægi verkefnisins með forstöðumönnum og að þeir væru lykilaðilar í að halda því á lofti og styðja réttindafulltrúana. Með gerð myndbandsins teljum við okkur klárlega hafa náð að skila betri fræðslu til starfsmanna og styðja þannig við starf réttindafulltrúanna.

Hugmyndir að umbótum: Vera með betri fræðslu fyrir réttindafulltrúa og færa þeim betri verkfæri til að fylgja hlutverki sínu eftir og leggja meiri áherslu á það við forstöðumenn að þeir valdefli réttindafulltrúana. Það væri spennandi að innleiða barnvænt hagsmunamat í öllum stofnunum, þ.e. að meta hvaða áhrif breytingar, framkvæmdir eða stefnumótun sem unnið er að hafi á börn og hvort, og þá með hvaða hætti, er nauðsynlegt að bregðast við þeim áhrifum.



Aðgerð 5. Réttindafræðsla fyrir börn

Markmiðið er að öll börn í sveitarfélaginu þekki réttindi sín. Árlega á verkefnastjóri innleiðingar Barnasáttmálans fund með réttindafulltrúum skólastofnana þar sem farið er yfir hvaða fræðslu börn fá um réttindi sín og hvernig hún fer fram. Unnið verði að því að tengja sem fjölbreyttasta fræðslu við Barnasáttmálann svo nemendur átti sig á því að verið sé að fjalla um réttindi barna. Einnig verði lögð áhersla á að réttindafræðsla verði sýnileg í skólanámskrá.

Tenging við stöðumat: Í spurningakönnun fyrir börn kom í ljós að rúmlega 40% barna þekktu ekki Barnasáttmálann og að ríflega 70% barna þekktu ekki fjögur eða fleiri réttindi barna.

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags, réttindafulltrúar skólastofnana, skólastjórnendur og ungmennaráð.

Tímarammi: Árlegt.

Mælikvarði: Annað til þriðja hvert ár verður spurningakönnun verkefnisins lögð fyrir nemendur grunnskólans til að mæla þekkingu þeirra á Barnasáttmálanum.

Fjárbörf: Vinnuframlag starfsmanna

Framkvæmd aðgerðar:

Almennt á skólastarf að vera í anda Barnasáttmálans og allir 4. bekkir eiga að fá sérstaka fræðslu um barnasáttmálann [Bekkjarnámskra-4.bekklar 2023-2024.pdf](#). Unnið er eftir uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar í sveitarfélaginu og grunnur hennar er að valdefla börn innan frá. Að þau læri að þekkja þarfir sínar og uppfylla á jákvæðan hátt. Lögð er áhersla á að allar þarfir eiga rétt á sér og það sé mikilvægt að læra að uppfylla þær án þess að ganga á þarfir og rétt annarra. Þá er lögð áhersla á að fyrirkomulag samskipta sé ekki bara ákveðið af fullorðnum, börn verða líka að hafa eitthvað um það að segja hvernig samskiptum er háttað.

Að lokum má svo geta þess að verkefnastjóri innleiðingar og sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs fóru í 5.-10. bekk til að fylgja myndbandi ungmennaráðs eftir og eiga samtál við nemendur um Barnasáttmálann.

Til að meta árangur var spurningakönnun lögð fyrir nemendur í 5.-10. bekk Grunnskóla Hornafjarðar. Könnun þessi er sambærileg þeirri könnun sem lögð var fyrir vorið 2021. Niðurstöður hennar voru kynntar í aðgerðaráætlun en hér verða bornar saman niðurstöður þessara tveggja kannana.

Þess ber þó að nefna að munur er á fjölda þátttakenda, þar sem könnunin 2021 var lögð fyrir stærri hóp, eða hóp alveg frá 4 bekk og upp til 17 ára krakka. Könnunin 2025 var eingöngu lögð fyrir 5-10 bekk



Við teljum okkur geta séð heildarmyndina og lesið út þær niðurstöður sem skipta mestu máli. Hér að neðan er tafla með helstu niðurstöðum. Í fylgiskjöllum má svo bæði skoða könnunina frá 2021 og 2025.

Samanburður á könnun 2021 og 2025

Spurning	2021				2025				
Fjöldi sem svara	157				100				
Þekkir þú réttindi barna	Já = 52%				Já = 87%				
Eiga öll börn rétt á að tjá sig og hafa skoðanir	Já	Nei	Veit ekki		Já	Nei	Veit ekki	16+	
	80%	0,4%	13%		78%	3, %	10%	9%	
Gilda réttindi barna um þig?	Já = 40%				Já = 69%				
Hefur sveitarfélagið spurt þig um skoðun þína á málefnum barna og ungmenna?	Já = 38%				Já = 51%				
Viltu að sveitarfélagið spyrji þig oft um skoðun þína?	Já = 35%				Já = 41%				
Færðu tækifæri til að hafa áhrif á skipulag íþrótta- og tómstundastarfs?	Já	Nei	Veit ekki		Já	Nei	Veit ekki		
	54%	45%			40%	29%	31%		
Hefur ungmennaráð sveitarfélagsins verið kynnt fyrir þér?	Já = 40%				Já = 82 %				

Hugmyndir að umbótum: Halda áfram að vinna eftir Uppeldi til ábyrgðar. Nauðsynlegt er að viðhalda þekkingu og færni fólks í hugmyndafræðinni og ákveðið hefur verið að fá stórt námskeið fyrir allt starfsfólk á fræðslu- og frístundasviði hingað næsta haust og bjóða starfsfólki annarra sviða, þá sérstaklega velferðarsviðs, að vera með. Þá er mikilvægt að draga fram hvernig þessi uppeldisstefna tengist Barnasáttmálanum og er í raun leið til að vinna eftir honum og í anda hans. Líkt og í aðgerð 3 þá snýst þetta m.a. um orðræðuna.

Aðgerð 6. Réttindafræðsla fyrir foreldra

Markmiðið er að upplýsa foreldra um réttindi barna. Með því móti geta foreldrar haldið áfram með fræðsluna heima fyrir en einnig tryggt að börn þeirra njóti þeirra réttinda sem þeim ber. Foreldrar eru upplýstir um aðgengilegt efni sem snýr að Barnasáttmálanum og réttindum barna og er boðið að taka þátt í fræðslu þegar hún á sér stað.

Tenging við stöðumat: Í niðurstöðum úr gátlista stýrihóps kemur fram að réttindafræðslu má sinna betur á öllum sviðum sveitarfélagsins. Mikilvægur hluti þess að sveitarfélag sé barnvænt er að foreldrar þekki réttindi barna.

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags.

Tímarammi: Árlega séu foreldrum sendir hlekkir og póstur um hverskonar fræðslu sem nýtist í réttindafræðslu til foreldra. Margt smátt gerir eitt stórt.

Mælikvarði: Fræðsluefni sem dreift er til foreldra.

Fjárförf. Vinnuframlag starfsfólks.

Framkvæmd aðgerðar: Þetta er aðgerð sem þarf stöðugt að skoða og má segja að í fyrstu umferð hafi ekki tekist neitt sérstaklega vel til. Það er þó unnið að bættum upplýsingum um Barnvænt sveitarfélag inn á heimasíðu sveitarfélagsins.

Nú hefur myndband ungmennaráðs verið sent á alla foreldra eins til sextán ára barna í sveitarfélaginu í gegnum Mentor og Karellen, með stuttum kynningartexta þar sem foreldrar eru hvattir til þess að horfa. Myndbandið er einnig aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins og hefur verið dreift á helstu miðla.

Þess má geta að eftir að farið var að vinna að Barnvænu sveitarfélagi var ákveðið að bjóða foreldrum leikskólabarna á uppeldisnámskeiðið *Færni til framtíðar, uppeldi sem virkar*. Námskeiðið er haldið 1-2 sinnum á ári. Það er ókeypis og auk þess geta foreldrar sem mæta öll fjögur skiptin fengið niðurfellingu á leikskólagjöldum í einn mánuð. Með þessu leggur sveitarfélagið áherslu á að auka fræðslu til foreldra um þarfir og réttindi barna. Þá eru foreldrar reglulega fræddir um uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar.

Hugmyndir að umbótum: Líkt og í aðgerð 3 og 5 er grundvallaratriði að tala um Barnasáttmálann og Barnvænt sveitarfélag og tengja uppeldisstefnuna, og það hvernig við vinnum með börnum, við Barnasáttmálann. Þannig er orðræðan kannski hvað mikilvægust.



Aðgerð 7. Börn fá tækifæri að setja mark sitt á umhverfis- og skipulagsmál

Markmiðið er að börn og ungmenni hafi möguleika á því að hafa áhrif á umhverfi sitt með því að taka þátt í umræðu um umhverfis- og skipulagsmál.

Reglan sé að þegar unnið er að skipulagi sem snýr að einhverju leyti að umhverfi barna þá sé það kynnt fyrir börnum og kallað eftir hugmyndum þeirra. Þessi verkefni eru fjölmörg s.s. leikvelli, skólalóðir, íþróttasvæði, skólar, opin svæði, göngustígar og margt fleira.

Stefnt er að því að vinna a.m.k. eitt verkefni í tengslum við umhverfi barna í samstarfi við Grunnskóla Hornafjarðar á hverju ári. Fyrsta verkefnið er valnámskeið í skipulagsmálum á vordögum 2024.

Tenging við stöðumat: Samkvæmt barnaþinginu og síðar ungmennaþinginu hafa börn sterkar skoðanir á umhverfi sínu, hvort sem er varðandi leikvelli, lýsingu, gangstéttir eða umferðaröryggi. Þessi sjónarmið ættu því að fá meiri hljómgrunn inn í skipulagsvinnu sveitarfélagsins. Ungmennaráð Hornafjarðar hefur einnig sýnt það í sínum fundargerðum að umhverfis- og skipulagsmál séu mál sem þau vilja hafa áhrif á.

Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og skipulagssvið í samstarfi við ungmennaráð.

Tímarammi: Alltaf í gangi.

Mælikvarði: Fjöldi kynninga og samræðna sem teknar hafa verið með börnum. Fjöldi verkefna sem unnin eru með skólanum a.m.k. eitt á ári.

Fjárförf: Vinnuframlag starfsfólks

Framkvæmd aðgerðar: Umhverfis- og skipulagssvið er reglulegur gestur á fundum ungmennaráðs og eru reglulega kynningar á verkefnum. Tilgangurinn er ekki eingöngu að taka samtalið, heldur líka fræðsla um hvernig skipulagsmál virka og hafa þeir fundir oftast en ekki orðið talsvert lengri en fyrirhugað var vegna áhuga ungmennanna. 2024 var eitt verkefni frá skipulagssviði unnið í samstarfi við 10. bekk í Grunnskóla Hornafjarðar þar sem ungmennin hönnuðu opið svæði. Þær hugmyndir voru mjög flottar og hafa komist inn á borð skipulagssvið og eru bundnar vonir við að þær verði að veruleika. Þess má samt geta að fulltrúar ungmennaráðs hafa haft orð á því að þau séu gjarnan beðin um að taka mál til umfjöllunar og koma með ábendingar en þau upplifa hins vegar ekki að það sé endilega hlustað á ábendingar þeirra eða þær teknar til greina. Og ef það er gert þá líður svo langur tími frá því að þau komu með ábendingarnar og þar til eitthvað gerist að þau eru jafnvel orðin fullorðin og flutt að heiman. Þetta hefur verið rætt við umhverfis- og skipulagssvið. Vissulega kom þar fram að tíminn sem líður frá því hlutir komast af umræðustigi yfir á framkvæmdastig getur verið nokkur en það megi bæta úr með því t.d. að láta ungmennaráð vita þegar hugmyndir þeirra eru komnar inn í skipulag eða áætlun jafnvel þó ekki sé búið að framkvæma.



Hugmyndir að umbótum: Í ársbyrjun 2025 fundaði ungmennaráð með starfsfólki á umhverfis- og skipulagssviði og fræðslu- og frístundasviði þar sem farið var yfir það hvernig hægt er að gera hlutina betur. Getur viðbragðsflýtirinn verið meiri, er hægt að gera hlutina sýnilegri o.s.frv.

Aðgerð 8. Bæta göngu- og hjólaleiðir

Markmiðið er að markvisst sé unnið að því að bæta göngu- og hjólaleiðir innan sveitarfélagsins með það í huga að auka öryggi barna en einnig annarra vegfarenda. Um leið er verkefnið hvatning til barna um að ganga og hjóla og nota virkan ferðamáta sem eru mikilvæg skilaboð til allra. Unnið verði að því að þróa og nýta margar leiðir fyrir börn að koma skoðunum sínum á framfæri. Lagður er fram listi með ábendingum frá börnum sem ábyrgðaraðilar geta nýtt sér.

Tenging við stöðumat: Það kom fram í viðtölum við börnin að þau vilja fá öruggari göngu- og hjólaleiðir ásamt því að þeim þykir vanta viðeigandi lýsingu við stíga. Nefndir voru staðir eins og fyrir neðan Fiskhólinn, gangbraut frá Leirusvæði yfir á skólasvæðið, lýsing á svokölluðum strandstíg og lýsing á stígum milli gatna inn í bænum. Auk þess hafa þau talað um lélegar gangstéttir og götur.

Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og skipulagsnefnd ásamt starfsmönnum sviðsins og bæjarstjórn.

Tímarammi: Ábendingar barna eru yfirfarnar árlega.

Mælikvarði: Hversu mörgum ábendingum er brugðist við á ári.

Fjárbörf: Gæti verið töluverð – fer eftir eðli verkefna en ætti að geta fallið vel að markmiðum umhverfis- og skipulagsnefndar.

Framkvæmd aðgerðar: Þessi aðgerð var gripin af sviðstjóra umhverfis- og skipulagssviðs snemma eftir að farið var að setja saman aðgerðaráætlun. Farið var inn í grunnskólann með teikningar og loftmyndir af sveitarfélaginu, krökkum skipt upp í hóp og fengu þau að teikna inn á kortin þær leiðar sem þau gengu. Þessi vinna hefur skilað sér inn í samgönguvinnu sveitarfélagsins. Staðsetningar á gangbrautum hafa verið endurhugsaðar og hraðatakmarkanir settar á götur sem börn fara mest um. Einnig hefur verið bætt við gangstéttir og gönguleiðir á svæði þar sem börn fara um. Umhverfis- og skipulagssvið mun halda áfram að vinna í þessa átt og kíkja reglulega í skólana og ræða við nemendur um skipulagsmálefni er varðar þá.

Hugmyndir að umbótum: Mikilvægt er að halda áfram að vinna þetta verkefni og fylgja því eftir og nýta það í leiðinni sem hvatningu til barna, ungmenna og okkar allra að ganga og hjóla meira þegar við förum um bæinn. Það er enn af nógu að taka varðandi það að bæta lýsingu, laga göngu- og hjólastíga, gangstéttir og að gangandi og hjólandi vegfarendum sé boðið upp á bestu og stystu



leiðina þegar þeir fara um.

Aðgerð 9. Börn af erlendum uppruna fá stuðning við að efla sig í sínu móðurmáli

Markmiðið er að börn af erlendum uppruna fá stuðning til að viðhalda móðurmáli sínu.

Skólarnir veiti einstaklingsmiðað nám og taki mið af þörfum hvers og eins. Skólinn bjóði upp á t.d. fjarkennslu og stuðning við foreldra til að sinna móðurmálskennslu t.a.m. í gegnum móðurmál.is. Æskilegt er að skólarnir myndi sér tungumálastefnu sem nær til barna annars vegar og starfsmanna hins vegar. Í aðalnámskrá er fyrst og fremst gert ráð fyrir góðri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli en einnig að skólinn styðji við virkt tvítyngi t.d. með því að bjóða börnum að vinna verkefni á móðurmálinu, lesa á móðurmálinu og annað slíkt.

Tenging við stöðumat: Fram kemur í niðurstöðum sérfræðihópa að börn af erlendum uppruna langi að læra móðurmálið sitt t.d. í stað þess að læra dönsku.

Ábyrgðaraðili: Skólastjórnendur og sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs.

Tímarammi: Verkefni sem vinna þarf alla dag ár hvert.

Mælikvarði: Hvort búið er að móta tungumálastefnu fyrir skólana. Fylgst með hversu mörg börn fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og hversu mörg börn fá notið móðurmálskennslu af einhverju tagi. (Eru tvítyngd og unnið í að svo verði áfram).

Fjárbörf: Rúmast innan fjárheimilda stofnunarinnar.

Framkvæmd aðgerðar: Sveitarfélagið fékk styrk frá þróunarsjóði innflytjendamála til að kenna pólsku í nokkur misseri og lauk því verkefni vorið 2024. Flestir pólskumælandi nemendur tóku þátt og þegar verkefninu lauk kom ósk frá foreldri um að halda kennslunni áfram.

Veturinn 2024-2025 eru 46 börn af erlendu bergi brotin í grunnskólum sveitarfélagsins og eiga þau 16 móðurmál. Ef sveitarfélagið ætlar að bjóða upp á móðurmálskennslu er mikilvægt að það gæti jafnræðis og setji sér einhverskonar reglur um það hvenær og hvernig það býður upp á kennslu í móðurmáli. Því þó flest börnin eða 11 séu af pólskum uppruna þá eru 6 frá Bosníu og Króatíu og 6 frá Svíþjóð auk þess sem aldursbilið er dreift. Þá er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að það geti tryggt gæði þeirrar móðurmálskennslu sem það stendur fyrir. Fræðslu- og frístundanefnd tók málið til umfjöllunar og niðurstaða hennar var að sveitarfélagið myndi ekki kenna erlend móðurmál en vill hins vegar styðja foreldra sem mest til að efla börnin í sínu móðurmáli. Veita aðstöðu fyrir foreldra til að hittast, styðja við tengsl við móðurmál.is og í raun gera allt sem það getur gert án þess þó að bera ábyrgð á kennslunni sjálfri.

Í leik- og grunnskólum er lögð áhersla á að börn af erlendum uppruna geti verið stolt af uppruna sínum og þeim gefið færi á að læra um upprunalandið, lesa bækur á móðurmálinu og fleira. Nemendur með annað móðurmál geta fengið tækifæri til að læra sitt móðurmál í stað dönsku eða að sleppa við dönsku og efla sig í íslensku. Þá hefur það verið nýtt vel að virkja starfsmenn sem tala sama móðurmál og börn að hjálpa til við aðlögun barnanna.



Rétt er að taka fram að það er ekki skylda grunnskóla að kenna erlend móðurmál og ekki hlutverk þeirra. Það er hins vegar rík skylda innan grunnskólans að kenna íslensku sem annað tungumál ÍSAT. Einnig er rétt að minna á að ÍSAT kennsla má ekki vera verkefni eins kennara heldur verður ÍSAT kennsla að vera hluti af starfi allra starfsmanna þó vissulega beri einstaka kennarar meiri



ábyrgð þegar kemur að ákveðinni kennslu.

Í leik- og grunnskólum hefur verið mótuð sérstök tungumálastefna. Í henni er lögð áhersla á að samfélagið er lykillinn að því að læra tungumálið. Þannig er íslenska fyrsta tungumálið en jafnframt lögð áhersla á að það sé eðlilegt að grípa þurfi til annara mála og að það sé sjálfsagt að bjóða upp á túlkþjónustu þegar þess er þörf eða ef fólk óskar.

Hugmyndir að umbótum: Halda áfram að leggja áherslu á að virða móðurmál barna og gefa þeim færi á að æfa sig í því um leið og þau fá góða kennslu í íslensku. Bjóða starfsfólki reglulega upp á námskeið sem tengjast fjölmenningu og í samráði við fjölmenningsráð væri spennandi að koma á samvinnu við móðurmál.is. Þetta var stór og mikil aðgerð og ekki er alltaf hægt að klára allar aðgerðir en mikilvægt að reyna að vinna þeim brautargengi þó það sé e.t.v. fyrst og fremst með fræðslu, umræðum og jákvæðari viðhorfum.

Aðgerð 10. Seinkun skólabyrjunar

Skólabyrjun verði seinkað frá 8:10 til 8:30 og í framhaldinu verði skoðað hvort seinka ætti meira.

Tenging við stöðumat: Kom fram í niðurstöðum og viðtölum við sérfræðihópa að börn sem búa í dreifbýlinu þurfa að vakna mjög snemma til að mæta á réttum tíma í skólann. Fræðsla síðustu ára um mikilvægi svefns segir okkur að svefn og hvíld sé einn af undirstöðupáttum heilbrigðs lífnis og því er brýnt að stofnanir sveitarfélagsins vinni ekki gegn þessum nauðsynlega þætti. Þessi tímasetning er í samræmi við framhaldsskólann sem seinkaði skólabyrjun um áramótin 2022 – 2023 til 8:30.


Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri í samstarfi við skólafyrirvöld.

Tímarammi: Breytingin taki gildi sem fyrst, helst haustið 2024.

Mælikvarði: Breyting á skólabyrjun hefur átt sér stað.

Fjárbörf: Engin áætluð fjárbörf.

Framkvæmd aðgerðar: Til stóð að seinka skólabyrjun haustið 2024 en það mætti mikilli andstöðu ekki síst innan skólans en einnig meðal foreldra og virðist sem kynning á málinu hafi misfarist. Því var ákveðið að fresta seinkuninni um ár og vinna



hana í meira samráði við starfsfólk, foreldra en einnig frístundþjónustuna því ljóst er að hópur foreldra hefur áhyggjur af því að seinkun skólabyrjunar leiði til þess að íþróttatímum og öllu frístundastarfi seinki of mikið.

Þess má til gamans geta að þegar verkefnastjóri og sviðsstjóri fóru að kynna aðgerðaráætlunina og Barnvænt sveitarfélag inn í bekkjum vakti þessi aðgerð mikla athygli og var hún mest rædd. Þó að spennan fyrir aðgerðinni dvínaði aðeins þegar nemendum var bent á að þeir yrðu á móti að vera aðeins lengur í skólanum þá voru flest ungmennin sem tjáðu sig mjög fylgjandi því að seinka skólabyrjuninni.

Hugmyndir að umbótum: Mikilvægt er að eiga gott samtal við skólasamfélagið og vera með gott skipulag gagnvart börnum. Foreldrar hafa áhyggjur af því að börnin þeirra verði í reiðuleysi og að allri dagskrá barnanna seinki. Þetta eru raunverulegar áhyggjur og þarf því að taka tillit til þeirra og vera með svör sem fólk er reiðubúið að samþykkja. Þá er mikilvægt að halda áfram að fræða börn og foreldra um mikilvægi svefns.

Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla í Sveitarfélaginu Hornafirði

Vinsamlegast svarið eftirfarandi spurningum í þessum kafla:

Hvaða áhrif hafði innleiðingin (urðu varanlegar breytingar á einhverjum þáttum í starfsemi sveitarfélagsins, hvað heppnaðist vel og hvað illa)?

Að mati verkefnastjóra hefur mikil breyting orðið á viðhorfum innan pólitíkurinnar og embættisfólks til þess að eiga í samtali við unga fólkið um umhverfið þeirra og hluti sem skiptir það máli. Sviðstjórar eru reglulegir gestir á fundum ungmennaráðs og fara yfir skipulag og verkefni sem snúa að unga fólkinu. Raddir ungmennaráðs hafa skilað sér í ýmsum breytingum eins og t.d. opnunum á sundlaug og félagsmiðstöð.

Fulltrúar ungmennaráðs, sér í lagi eldri hlutanum, finna fyrir mikilli breytingu á samskiptum við fólk innan stjórnsýslunnar og við kjörna fulltrúa. Fulltrúar þess í fastanefndum eru spurð spurninga um allskonar mál og hafa skapast líflegar samræður sem hafa haft áhrif á bókanir. Það er einnig áberandi að mati fulltrúa í ungmennaráði hvað sveitarfélagið stendur sig vel í að hjálpa börnum af erlendum uppruna sem eru nýkomin inn í samfélagið okkar og þurfa kannski aðstoð við að tengjast fólki.

Þrátt fyrir alla þessa velvild finnst ungmennaráði samt að samtalið skili sér ekki í aðgerðum. Það er mat þeirra að það henti kannski embættisfólki að tala við unga fólkið og sýna velvild en að skoðanir þeirra séu ekki endilega virtar þegar kemur svo að sjálfum ákvarðanatökunum. Það fái að tala en það fái ekki að vera í virku samráði. Þetta mætti til að mynda laga með því að áður nefndir fulltrúar kæmu oftari inn á fund ungmenna, ættu virkara samtal við þá og færu yfir framkvæmdir sem snúa að þeim. Þessi atriði hafa komið fram í hugmyndum að úrbótum við aðgerðaáætlun.

Hvað telja ólíkir aðilar innan sveitarfélagsins hafa heppnast vel og hvað illa? (ræðið sérstaklega við meðlimi stýrihóps og ungmennaráð).

Það sem flestir telja að hafi gengið vel í innleiðingu Barnvæns sveitarfélags er til að mynda barnaþing, ungmennaþing og rýnihópar. Þá er einnig almenn ánægja með starf ungmennaráðs en það fundar einu sinni í mánuði og eru áætlaðir 10 fundir á ári. Auk þess eru vinnufundir hjá því og svo skipa fulltrúar ungmennaráðs áheyrnarfulltrúa í fastanefndum. Eftir heimsóknir á hinar ýmsu stofnanir hefur fólk oft nefnt hvað það er ánægt með fulltrúa ungmennaráðs inn á fundum nefndanna. Þar eiga sér stað umræður og spurningar frá þeim hafi áhrif á bókanir hinna ýmsu mála. Mál hafa komið frá ungmennaráði um opnanir á íþróttamannvirkjum, lýsingar á gönguleiðum, og staðsetningar á hreystitækjum og útivistarsvæðum. Sundlaug Hornafjarðar aðlagði opnunartíma eftir ósk ungmennaráðs og benda fyrstu tölur á aðsókn til þess að sú breyting sé komin til að vera.

Þó að Barnasáttmálinn hafði orðið sýnilegri í stofnunum bæjarins, í móttöku, kaffistofu og víðar, þá hefur fólk haft orð á því að réttindafræðsluna hefði mátt vinna betur. Kennarar og hópurinn sem starfar í kringum Barnvænt sveitarfélag eru þó huginn yfir því hvað fólk flokkar sem fræðslu því í mörgum tilfellum vitum við að einstaklingar sem telja sig enga fræðslu hafa fengið hafa oftari en ekki setið á starfsmannafundum og öðru slíku þar sem farið var yfir réttindi barna. En við verðum líka að horfast í augu við að þarna hefðum við getað gert betur.

Vonir standa til þess að myndband ungmennaráðs hjálpi til með réttindafræðsluna. Um þessar mundir er verkefnastjóri og sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs að heimsækja stofnanir og sýna myndbandið og er fólk ánægt með það.

Hvernig meta hinir fullorðnu í stýrihópnum tækifæri barna og ungmenna til þátttöku í verkefninu?

Ungmennin voru boðuð á alla fundi til að byrja með. Það kom síðan í ljós að það var ekki endilega það sem börnin vildu eða hentaði þeim. Þegar vinnan fór að snúast meira um gagnavinnslu þá var ákveðið í samráði við þau að mynda starfshóp innan stýrihópsins sem vann ákveðna grunnvinnu sem síðan var lögð fyrir hina og þá um leið ungmennin sem voru fulltrúar í stýrihópnum. Á sama tíma voru tillögur stýrihópsins alltaf lagðar fyrir ungmennaráð með það að markmiði að fleiri ungmenni hefðu möguleika á að koma að innleiðingunni. Með þessu reyndum við að aðlagða vinnubrögð stýrihópsins að þörfum ungmennanna og auka þannig virkni þeirra og þátttöku.

Hvað hafði mátt betur fara?

Fulltrúar í ungmennaráði hafa orðið sýnilegri í augum nefndarfólks og stýrihóps. Hins vegar hefur stjórnsýslan og starfsemi sveitarfélagsins lítið breyst. Stýrihópurinn er mjög ánægður með framvindu aðgerða 1 og 2. Það er ljóst að betur hefði mátt ganga með aðgerðir 9 og 10. Slíkt er þó eðlilegur hluti af verkefni sem þessu þar sem ekki gengur allt upp. Einnig hefði mátt leggja meiri áherslu á að vekja athygli á verkefninu meðal almennra íbúa Hornafjarðar. Fulltrúar stýrihópsins binda þó miklar vonir við að myndband ungmennaráðs bæti úr því.

Ræðið við ungmennaráð um upplifun þeirra af tækifærum til þátttöku í verkefninu og gerið samtalinu stuttlega skil hér.

Eins og sjá má hér að framan hefur ungmennaráð tekið virkan þátt í verkefninu. Barnvænt sveitarfélag alveg frá því að skrifað var undir. Það kom að skipulagi barnþings og ungmennþings og kynnti niðurstöðurnar eftir að búið var að vinna úr þeim. Þá átti ungmennaráð aðild að því að velja aðgerðir í aðgerðaáætlun.

Ungmennaráð hefur reglulega fengið fræðslu um verkefnið og hefur aðgerðaráætlun oft verið rædd á þeirra vettvangi. Síðasta aðkoma þeirra var að fara yfir aðgerðaáætlunina og höfðu þau frumkvæðið á því að gera myndbandið. Þau vildu taka saman allt sem Jón og Gunna úti í bæ þurfa að vita um Barnvænt sveitarfélag og hvar sveitarfélagið okkar stendur í þeim málum. Myndbandið er þeirra lokaskýrsla um það hvernig sveitarfélagið hefur verið að standa sig í að framfylgja aðgerðaráætluninni. Vegna þess hvað verkefnið hefur tekið langan tíma, þá hafa miklar breytingar orðið í ungmennaráði og erfitt fyrir yngri hlutann að meta hvað hefur breyst og hvað hefur gengið betur en annað.

Verkefnastjóri hefur átt mörg samtöl við ungmennaráð um upplifun þeirra á verkefninu og er almennt upplifun þeirra mjög góð og þeim finnst vilji til að halda ungmennum með í ráðum mikill. En þar sem áður nefndar breytingar hafa verið á ráðinu í gegnum tímabilið hefur þeim oft reynst erfitt að skilja verkefnið og oft reynst erfitt að manna stýrihópinn með fulltrúum frá ungmennaráði. Hafa ber í huga að oft eru þeir aðilar sem sitja í ungmennaráðum einstaklingarnir sem eru almennt virkir og taka þátt í mörgu. Eru í skóla, tónlistarnámi, íþróttum, ráðum innan skólanna eða félagsmiðstöðvarinnar og yfirleitt virk í öllu félagslífi og svo bætast við skyldur ungmennaráðsins sem eru stundum 1 – 4 fundir í mánuði + verkefni sem fylgja málum eða barnvænu sveitarfélagi. Þannig má sjá að kröfur til ungmennaráðs eru oft á tíðum meiri en kröfur til annarra fastanefnda. Það er því hugleiðing verkefnastjóra hvort að sú nálgun sé endilega rétt? Hvort verið sé að of keyra unga fólkið okkar í fyrir fram ákveðinni dagskrá sem er of mikið mótuð af fullorðnum? Og hvort það hafi áhrif á frumkvæði unga fólksins?

Samkvæmt þeim er þó verkefnið gott og innihaldið verðugt og því mikilvægt að það komist til skila, en formið á verkefninu er þess eðlis að erfitt er að láta það ná til þeirra, og vakti það í heild sinni ekki mikinn áhuga ráðsins fyrr en farið var að gera myndbandið. Það vakti mikinn áhuga og átti þar aðkoma fagaðila sem leiðbeindi við handritsgerð og almenna vinnu stóran þátt. Auk þess fannst krökkunum magnað að sjá hvað myndbandið var fagmannlega unnið og að þau væru hluti af því. Einum aðila í ungmennaráði sem hefur setið hvað lengst í stýrihóp um Barnvænt sveitarfélag varð að orði að nú loksins skildi hann verkefnið.

Í umræðum við ungmennaráðið um verkefnið kom fram að stundum hefur liðið langur tími á milli þess sem þau fá aðkomu að því. Nefndu þau sem dæmi að þegar komið var með niðurstöður barnapings þá voru flestir í ungmennaráði búnir að gleyma því að þau höfðu tekið þátt í því og tók smá tíma að rifja það upp með þeim. Þá var starfsmaður verkefnisins staðsettur á öðru sviði innan stjórnsýslunnar og var eina tengingin við ungmennaráðið þegar óskað var eftir því að koma inn á fund og ræða við þau. Þetta hefur hins vegar lagast þar sem verkefnið er nú á borði þeirra aðila sem halda utan um og sjá til þess að ungmennaráðið sé starfandi og tengingin milli aðilanna miklu meiri.

Stuðlaði verkefnið að barnvænni stjórnsýslu eða nálgun við málefni innan sveitarfélagsins og þvert á svið þess? Hvernig heppnaðist að innleiða verkefnið með heildrænum hætti innan sveitarfélagsins?

Það er mat verkefnastjóra sem þetta ritar að seta fulltrúa ungmennaráðs sem áheyrnarfulltrúar í öllum fastanefndum sé mikilvægasta verk barnvæns sveitarfélags hvað stjórnsýsluna varðar. Því inn á fundum fastanefnda verða oft mjög líflegar umræður milli fullorðinna og unga fólksins. Auðvitað er misjafnt eftir börnum, fólki og málum hvað áhuginn er mikill en þegar allt smellur saman þá gerast töfrar Barnvæns sveitarfélags. Ungmennin taka svo umræðurnar inn á fundi ungmennaráðs og ræða um málin sín á milli. Þannig er markvisst unnið að því að valdefla ungmennaráð og að tengja ólíka aldurshópa innan þess svo þau eigi auðvelt með að vinna saman að málum sem varða þau og samfélagið allt. Leið að þessu var t.d. fræðsludagur ungmennaráðs síðasta haust, samstarfsverkefni við önnur ungmennaráð á landinu og þátttaka í verkefnum á landsvísu.

Í dag er félagsmiðstöðin okkar opin alla daga frá því að skóla lýkur til 16:00 fyrir alla nemendur í 5.-10. bekk. Nemendur geta keypt sér hressingu á þessum tíma gegn vægu gjaldi. Markmiðið með þessari opnun var að vera með frístundapjónustu með aðgengi fyrir alla í huga fram til fjögur á daginn. Í kjölfarið koma svo aldurskiptar opnanir þrjá daga í viku alveg til 22:00 á kvöldin.

Sundlaugin okkar er mikil félagsmiðstöð og eins og fram hefur komið, óskaði ungmennaráð eftir lengri opnunartíma á sundlauginni sem fór í gegn og hefur komið vel út.

Barnvæn stjórnsýsla er því orðin talsverð og málin alltaf að skila sér meira og meira bæði til ungmennanna og út í samfélagið. Í gegnum barnaping, ungmennaping, skólaping og rýnihópa, fæst mikilvægur efniviður sem ungmennaráð vinnur með.

Verkefnastjóra finnst samt umhugsunarvert hvort of mikil skilgreining á félagsaðstöðu ungs fólks og fullorðinna séu ákveðin hindrun í starfinu því mesta samheldnin og samkenndin skapast þar sem allir eru saman þvert á aldur. Til lengri tíma litið held ég að sveitarfélagið þurfi að horfa meira á eflingu samfélagsmiðstöðvar heldur en félagsmiðstöðva flokkaðra eftir aldri. Í litlum samfélögum eins og Sveitarfélaginu Hornafirði er hver hópur smár og því verður sundrun greinilegri við skiptingu eftir aldri og líklegra að raddir ungmenna falli utan radars og þau einangrist.

Hvernig tóku íbúar sveitarfélagsins eftir því að innleiðing verkefnisins var í gangi?

Frá því að verkefnið hófst hefur þetta verið rætt í skólum og í stofnunum innan sveitarfélagsins og því ætti verkefni ekki að hafa farið fram hjá starfsfólki. Ofan á þetta hafa reglulega verið birtar auglýsingar og uppfærslur um gang mála á vefmiðlum sveitarfélagsins. Haldnar hafa verið fjölbreytileikavikur og hinseginvikur til að koma til móts við minnihlutahópa, greinar birtar í bæjarblaðinu (sem því miður kemur ekki lengur út) auk þess sem kynningar hafa verið á verkefninu Barnvænu sveitarfélagi á Hafnarhittingum sem haldnir eru af Grunnskóla Hornafjarðar.

Sérstök undirsíða er fyrir verkefnið á heimasíðu sveitarfélagsins ásamt því sem verkefnið hefur auðvitað fengið athygli í gegnum opinbera fundargerðir fastanefnda. Þrátt fyrir þetta, þá hefur okkur ekki tekist að gera verkefnið nægilega sýnilegt í sveitarfélaginu og er það mat margra sem rætt var við í þessari vinnu að hinn almenni Hornfirðingur sé ekki meðvitaður um verkefnið. Betur má ef duga skal og verðum við bara að halda áfram.

Hvaða lærdóm má draga af innleiðingu verkefnisins? Hverju er mikilvægt að halda til haga vegna framtíðar verkefnisins? Hvað mætti gera öðruvísi í næsta hring innleiðingarinnar, hverju þarf að halda áfram?

Að innleiða jafn sjálfsagt verkefni og við teljum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna vera er meiri vinna en búast hefði mátt við. Því þrátt fyrir að öllum finnist alveg sjálfsagt að við tileinkum okkur og vinnum eftir hugmyndafræði Barnasáttmálans þá er fólk ekki endilega alltaf tilbúið að breyta því sem það gerir sjálft. Það þurfa allir að breyta einhverju og víða er verið að biðja um að breyta vinnubrögðum og aðferðum sem eru mjög rótgrónar og eins og flestir vita þá er erfitt að breyta hegðun.

Til þess að svona verkefni skili sér almennilega þá skiptir „skriffinnskan“ kannski minnstu máli en því miður fer orkan oft allt of mikið í hana. Það sem er mikilvægast er að ná upp stemningu fyrir verkefninu svo fólk vilji breyta og ekki bara að ná henni upp heldur annað, sem er mun flóknara og talsvert erfiðara, sem er að viðhalda stemningunni. Það er klárt mál að í upphafi hafi náðst góð stemning þegar samningurinn var undirritaður. Svo náðist aftur góð stemning í kringum barnaþingið en þessi stemning hélst ekki. Auðvitað þarf að taka tillit til aðstæðna í samfélaginu sem unnu gegn því, en með því að vinna ákveðið „stemningsplan“ þá væri hægt að viðhalda stemningunni. Hún næst ekki með skriffinnsku rýnihópum og starfshópum.

Hvernig er það þá gert? Með því að viðhalda upplýsingaflæði í öðru formi en rituðu máli, myndbönd, viðburðir og eilíft samtal er ein leiðin og verður lagt inn í næsta fasa verkefnisins með það að leiðarljósi. Verkefnastjóri mun t.d. leggja til að ungmennaráð geri reglulega myndband um stöðuna á verkefninu og viðhaldi þannig upplýsingaflæðinu til íbúa sveitarfélagsins. Þar með fjölga verkfærunum í verkfæratöskunni til að viðhalda fræðslu og stemningu um réttindi barna og mikilvægi þeirra. Lagt verður upp með að nóvember verði eins konar stemningsmánuður og í leiðinni haldið upp á afmælisdag Barnasáttmálans. Áhugi ungmenna á kvikmyndagerð er vissulega misjafn en við gerð myndbanda skapast ákveðin hópvinna sem er valdeflandi og bráðskemmtileg. Þar gerast töfrarnir og við vitum öll að í nútímasamfélagi nær myndmál vel til fólks óháð aldri og uppruna. Þannig mun ungmennaráð skjalfesta rafrænt aðkomu sína að innleiðingu Barnavæns sveitarfélags.

Barnaskýrsla



Fulltrúar ungmennaráðs frá vinstri: Smári Óliver Guðjónsson, Adam Bjarni Jónsson, Sigurður Rúnarsson, Berglind Stefánsdóttir, Ísold Andrea Andréddóttir, Stefán Birgir Bjarnason og Sindri Sigurjón Einarsson. Á myndina vantar: Dagmar Lilju Óskarsdóttur, Selmu Ýr Ívarsdóttur og Emilíu Alís Karlsdóttur.

Ungmennaráð Hornafjarðar lagði mikla vinnu í gerð fræðslumyndbands um verkefnið **Barnvænt sveitarfélag** í samstarfi við fræðslu- og frístundasvið og fagaðila. Markmiðið með myndbandinu var að upplýsa íbúa um Barnasáttmálann og hvernig innleiðing verkefnisins gengur fyrir sig á Hornafirði. Myndbandið verður nýtt í réttindafræðslu og sem hluti af kynningu á verkefninu á komandi árum.

Ferlið hófst með hugmyndavinnu og handritsgerð þar sem meðlimir ungmennaráðs tóku virkan þátt í að móta efnið og skipuleggja framsetningu þess. Þau fengu faglega leiðsögn við handritsgerð og undirbúning og tóku sjálf viðtöl við hvort annað sem og við bæjarbúa til að fá fram fjölbreytt sjónarhorn á Barnasáttmálann.

Þegar ljóst var að ekki yrði raunhæft að klára myndbandið fyrir 20. nóvember sem upphaflega var stefnt að var tekin meðvituð ákvörðun um að leggja meiri áherslu á gæði og fagmennsku í framleiðslu þess. Tökudagarnir 12. og 13. nóvember voru því vel undirbúnir og unnið var í nánu samstarfi við faglært tókulið.

Fyrri tökudaginn þegar veðrið var óhagstætt var einblínt á innitökur í félagsmiðstöðinni Þrykkjunni. Þar voru teknar upp ýmsar senur með krökkunum. Daginn eftir þegar veðrið lék við mannskapinn, var farið út til að taka myndir af bænum og safna frekara myndefni.

Með þessari vinnu hefur Ungmennaráð Hornafjarðar ekki aðeins lagt sitt af mörkum til fræðslu og vitundarvakningar um Barnasáttmálann, heldur einnig sýnt fram á mikilvægi þess að ungt fólk hafi rödd í samfélaginu og sé virkir þátttakendur í mótun þess. Aldrei um barn án barns.

Myndbandið er lagt fram sem úttektarskýrsla ungmennaráðs á stöðu Barnvæns sveitarfélags í Hornafirði og mun þjóna sem mikilvæg heimild og fræðsluefni til framtíðar.

Hægt er að horfa á myndbandið í gegnum vefsíðu sveitarfélagsins

<https://www.hornafjordur.is/thjonusta/born-og-menntun/barnvaent-sveitarfelag/>

[Barnvænt sveitarfélag](#)

Samantekt

Eins og fram hefur komið hefur gengið á ýmsu frá því Sveitarfélagið Hornafjörður samþykkti þátttöku í verkefninu Barnvænt sveitarfélag og nokkuð ljóst að verkefnið hefði þurft markvissara aðhald að hálfu sveitarfélagsins. Ef verkefnið á að ganga þá þarf það góða aðhlynningu og gott ut anumhald. Verkefnastjóri sem heldur nú utan um verkefnið hefur verið í stýrihópnum í nokkurn tíma en tók við verkefninu formlega í upphafi árs 2024. Lagðist það þá ofan á fjölmörg önnur verkefni sem lágu á hans borði og ekki um sérstakt stöðuhlutfall lengur að ræða. Það er þó niðurstaða sviðsstjóra og verkefnastjóra á fræðslu- og frístundasviði að verkefnið eigi mun betur heima þar en á velferðarsviðinu. Verkefnastjóri heldur utan um ungmennaráð og sinnir fjölmörgum verkefnum sem tengjast ungu fólki og því auðveldara fyrir hann að tengja innleiðinguna við daglegt starf.

Þó að vandað hafi verið til verka í vinnu við aðgerðaráætlun og stuðst við ráðleggingar bæði frá UNICEF og starfsfólki sveitarfélagsins sem greip helstu ábyrgðarhlutverk voru nokkrar aðgerðir flóknari í framkvæmd en aðrar. Þar er þá helst átt við aðgerðir 9 og 10.

Mikilvægt að rýna stöðugt í þær aðgerðir sem snúa að réttindafræðslu fyrir börn, foreldra og starfsfólk sveitarfélagsins. Fræðslan þarf að vera fjölbreytt svo fólk haldi athygli og tengi á stöðugt á nýjan hátt við verkefnið en einnig er sífellt að koma inn nýtt fólk sem þarf að setja inn í viðfangsefnið og tryggja að það viti um hvað það snýst. Þá er afar brýnt að tengja verkefnið við þá vinnu sem fólk er þegar að vinna þannig að það finni að þessi viðbót sé raunverulega að skila sér í betri árangri hjá því.

Það er nokkuð ljóst að það er flóknara en við höldum að fá starfsfólk á öllum starfstöðvum til að skila inn skírteinum eftir námskeiðið hjá UNICEF og kannski er það ekki rétta leiðin. Fólk fannst ruglingslegt að fara inn á námskeiðin og það fældi fólk frá. Vinna réttindafulltrúanna hefur hins vegar gengið vel og virðist ætla að skila tilætluðum árangri. Í Grunnskóla Hornafjarðar og Grunnskólanum í Hofgarði hefur verið unnið ötullega með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmálann og standa vonir til þess að það muni skila sér í lífi og starfi þeirra barna sem þar stunda nám.

Það skal haft í huga að Sveitarfélagið Hornafjörður er mjög framarlega hvað varðar ungmennaráð sem hefur verið starfandi frá 2007 þar sem fulltrúar fá greitt fyrir fundarsetu bæði í ungmennaráði og fundarsetu í fastanefndum. Erindisbréfið hefur reglulega verið endurskoðað, síðast 2021. Stjórnarsýslan áttar sig meira og meira á mikilvægi þessarar tengingar við ungt fólk og þykir hún nú meira en sjálfsgöð. Við það hafa áheyrnarfulltrúar ungmennaráðs einnig valdeflst svo samvinnan virkar í báðar áttir.

Eins og við öll þá er unga fólkið okkar jafn misjafnt og það er margt og allur gangur á því hvernig ungmenninn sem skipa ungmennaráð smella saman. Öflugt og samheldið ungmennaráð kemur þó með þann kraft sem við fullorðna fólkið þurfum frá ungu fólki og þess vegna er veigamikill þáttur í starfi þess sem heldur utan um ungmennaráð að valdefla það og styðja. Því þegar þetta smellur þá gerast töfrar Barnvæns sveitarfélags.

Það er mikilvægt að hafa ákveðið æðruleysi gagnvart ungmennaráðum og halda væntingum í hófi. Kröfurnar til þess eru miklar og ekki raunhæft að það standi undir þeim öllum. Þær kröfur sem settar eru af fullorðnum um að ungmennaráð skuli standa að allskonar aukaviðburðum og

verkefnum eins og skuggakosningum, skýrslugerð, viðburðum á Húmarhátíð og öðru er umhugsunarverð. Þetta fylgir ekki öðrum fastanefndum sveitarfélagsins en ungmennin sem sitja í ungmennaráði eru oft á tíðum í miklu starfi innan íþróttahreyfingarinnar, félagsmiðstöðvarinnar, nemendafélaga, auk þess sem þau eru í 100% námi, mörg í vinnu með námi og að taka að sér að vera áheyrnarfulltrúar í fastanefndum.